

Nd.

290. Frumvarp

til laga um breytingar á tilskipun 25. sept. 1850, um nokkrar breytingar á erfðalögnum, og um breytingar á lögum nr. 30, 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Erfðir til fjarskyldari ættingja en barna hins látna og niðja þeirra, svo og foreldra, afa og ömmu og þeirra foreldra, skulu úr lögum numdar.

2. gr.

Falli arfur til foreldra og sé annað látið, fellur arfurinn allur til þess, sem effir lifir. En afar og ömmur taka aldrei meiri arf hvert um sig, þótt eitthvert þeirra sé látið, en komið hefði í þess hlut, ef öll lifðu.

3. gr.

Arfur eftir kvæntan mann og gifta konu, sem ekki á arfgenga ættingja á lifi, fellur allur til þess hjónanna, er lifir hitt. Ókvæntur maður og ógift kona, sem búið hafa samvistum minnst 2 ár og átt barn saman, taka arf hvort eftir annað sem hjón væru.

4. gr.

Enginn má hér eftir ráðstafa með arfleiðsluskrá meira en fjórðungi eftirlátinna eigna sinna, ef þær nema samtals 20000 kr. eða meiru. En nemi þær minnu, er heimilt að ráðstafa með arfleiðsluskrá allt að 5000 kr., ef það kemur eigi í bág við rétt lögarfa. Ennfremur er heimilt að ráðstafa með arfleiðsluskrá til systkina eða barna þeirra hæfilegum framfærslueyri, séu þau óvinnufær og hafi ekki eignir fyrir sig að leggja.

5. gr.

Eftirlátnar eignir, sem eigi eru lögarfar að, eða ráðstafað er með arfleiðsluskrá svo að gilt sé, skulu renna í sérstakan sjóð, er varið skal samkv. 7. gr.

6. gr.

Erfðafjárskattur samkv. lögum nr. 30, 27. júní 1921, skal hækka um 100%. Af erfðahlutum, sem nema minnu en 5000 kr., greiðist enginn skattur. Erfðafjárskattur skal hér eftir renna í sérstakan sjóð, er varið skal samkv. 7. gr.

7. gr.

Sjóði þeim, er myndast af eftirlátnum eignum skv. 5. gr. og erfðafjárskatti samkv. 6. gr., skal varið til styrktar örorku- og ellitryggingum, og skal hann, þegar Alþingi hefir sett lög um slíkar tryggingar, afhentur stjórn þeirra, en til þess tíma er hann í vörzlu ríkisstjórnarinnar. Sjóðinn skal ávaxta á tryggn hátt, og má engu eyða af fé hans eða tekjum næstu 10 ár. Sú upphæð, sem þá verður í sjóðnum, telst höfuðstóll hans, og ákveður Alþingi þá, hve miklum hluta af árlegum tekjum sjóðsins skuli upp frá því varið til styrktar örorku- og ellitryggingum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Greinargerð.

Sú skoðun ryður sér mjög til rúms, að rétt sé að nema úr lögum rétt útarfa til arfs. Virðist þá eðlilegast að láta erfðaréttinn eigi ná lengra en framfærsluskylduna, og láta þann arf, sem nú fellur til útarfa, er enga framfærsluskyldu hafa gagnvart arfleifanda, falla til hins opinbera eða stofnunar, sem tekur við framfærsluskyldunni.

Í frv. er gert ráð fyrir, að erfðaréttur haldist óbreyttur í beina línu aftur og fram, en réttur systkina og annara fjarskyldra til arfs falli niður. En jafnframt er í frv. heimilað að ráðstafa með arfleiðsluskrá til systkina og barna þeirra hæfilegum framfærslueyri, ef þeim er hans þörf, umfram þann eignafjórðung, sem jafnan er heimilt að ráðstafa með arfleiðsluskrá. Réttur hins opinbera eða tryggingarstofnunarinnar til arfs er að því leyti gerður jafn rétti útarfa, að eigi er heimilt að ráðstafa með arfleiðsluskrá meiru en fjórð-

ungi eftirlátinna eigna, hvort sem lögarfar eru á lífi eða eigi, ef eignirnar fara fram úr ákveðnu hámarki. Þá er og lagt til, að erfðafjárskattur af lægri upphæð en 5000 krónum sé felldur alveg niður og hverjum einum heimilað að ráðstafa allt að sömu upphæð af eftirlátnum eignum, þótt hann fari fram úr fjórðungi arfsins alls. Hinsvegar er lagt til, að erfðafjárskattur af hærri upphæðum verði tvöfaldaður frá því, sem nú er, og honum varið á sama hátt og arfi þeim, sem til hins opinbera eða tryggingarstofnunarinnar fellur.

Með frv. til laga um alþýðutryggingar, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi, fylgir áætlun um kostnað við örorku- og ellitryggingar í næstu 10 ár. Að þeim tíma liðnum ætti nokkurt fé að vera komið í sjóðinn, og er þá ætlað til, að Alþingi ákveði, hve miklu af tekjum hans skuli varið til þess að létta kostnaðinn við örorku- og ellitryggingarnar.